



**Keilir**

Miðstöð vísinda,  
fræða og atvinnulífs



Alþjóðlegt háskólanám

**ADVENTURE  
SPORT CERTIFICATE**

Nýtt og spennandi háskólanám

## Adventure Sport Certificate

Thompson Rivers University (TRU) í Kanada býður upp á krefjandi og sérhæft leiðsögunám í ævintýraferðamennsku á háskólastigi (Adventure Sport Certificate) í samstarfi við Íþróttakademíu Keilis.

Um er að ræða átta mánaða nám sem hentar vel þeim sem hafa mikinn áhuga á ferðamennsku og útvist við krefjandi aðstæður. Nemendur öðlast alþjóðleg réttindi til starfa við ævintýraleiðsögn og hafa mikla möguleika á að vinna á fjölbreyttum starfsvettvangi víða um heim. Námið byggir að miklu leiti á verklegri kennslu í íslenskri náttúru auk fræðilegs hluta sem fer fram í Keili á Ásbrú. Kennrar og leiðbeinendur hafa allir hlutið alþjóðlega vottun og eru sérfræðingar hver á sínu sviði.

TRU er einn virtasti háskóli í heimi sem býður upp á nám í ævintýraleiðsögn og útskrifast nemendur námsins með alþjóðlegt skírteini frá þeim (Adventure Sport Certificate). Allar einingar námsins eru metnar í framhaldsnám við skólan á sviði ævintýraferðamennsku, svo sem Adventure Guide Diploma, Adventure Management Diploma eða í fullt nám til BS gráðu í Adventure of Tourism Management.

Námið er góður grunnur að helstu þáttum ævintýraferðamennsku. Það hentar þeim sem hyggja á starfsframa í ört vaxandi starfsgrein eða áframhaldandi háskólanám í faginu.

„Námið er frábær stökkpallur fyrir þá sem vilja gera  
ævintýri að starfsvettvangi. Sérhæfing og einstök  
kennsla skilar sér margfalt í starfi leiðsögumannsins.“

**Ragnar Þór Þrastarson**  
Adventure Guide frá Thompson Rivers University



THOMPSON RIVERS  
UNIVERSITY



**Keilir**

Miðstöð vísinda,  
fræða og atvinnulífs